

Fréttabréf DESEMBER 2024

Dagur íslenskrar tónlistar 2024



Dagur íslenskrar tónlistar var haldinn þann 29. nóvember í ár og samkvæmt venju voru afhentar viðkurkenningar við athöfn í Hörpu.

Hvatningarverðlaunin hlaut **Kolbrún Linda Ísleifsdóttir**. Líklega hefur enginn sótt fleiri tónleika í Hörpu en Kolbrún, sem sagt hefur að Harpa sé eins og hennar annað heimili. Þannig hefur hún sannarlega stutt við íslenskt tónlistarlíf.

BRJÁN („Blús-, rokk- og jazzklúbburinn á Nesi“) hlaut „*Gluggann*“ í ár, fyrir að byggja upp óhagnaðardrifið tónlistarhús í Neskaupstað. Þar er haldið úti fjölbreyttri og metnaðarfullri tónleikadagskrá og upptökuveri.

Tónleikastaðurinn **R6013** hlaut **nýsköpunarverðlaunin**. Það er hugarfóstur **Ægis Sindra Bjarnasonar**, en staðurinn er á jarðhæð heimilis hans og er hugsaður sem heimavöllur jaðartónlistar í Reykavík.

Útflutningsverðunin hlaut hljómsveitin **Kælan** mikla, fyrir að halda á lofti merkjum íslenskrar tónlistar á erlendri grundu. Sveitin var stofnuð 2013 og hefur síðan verið ötul við tónleikahald og getið sér gott orð víða um lönd.

Heiðursverðlaunin í ár, „Litla fuglinn“, hlutu þau **Anna Hildur Hildibrandsdóttir** og **Gísli Þór Guðmundsson**, fyrir að byggja upp íslenskan tónlistariðnað, standa fyrir úflutningi og að veita tónlistarfólki atfylgi og stuðning af ástríðu um árabil.

Þorsteinn Eggertsson var við þetta tilefni sæmdur gullmerki STEFs (sjá neðar).

Við athöfnina las **Vigdís Hafliðadóttir** aðdáendabréf til íslenskrar tónlistar, **Helgi Björnsson** söng, sem og **GDRN**, einnig sem **Silva Þórðardóttir** tók lagið ásamt **Steingrími Teague**.

Magnús og Þorsteinn heiðraðir



„Pakkarorða íslenskrar tónlistar“ var afhent í fyrsta skipti á fullveldisdaginn, við athöfn og tónleika í Eldborgarsal Hörpu. Það var **Magnús Eiríksson** sem fyrstur hlaut slíka orðu, en meiningin er að hún verði afhent árlega, til að „fagna sköpunarkrafti og ævistafi íslensks tónlistarmanns“, eins og það er orðað. Í haust var sett á laggimar sérstakt *Tónlistarráð*, sem m.a. er gert að velja verðlaunahafa, en þessi hugmynd kviknaði í samtölum ráðherrans Lilju Daggar Alfreðsdóttur og hagaðila.

Nokkuð hefur verið rætt um missætti og „skautun“ í þjóðmálaumræðu undanfarin ár. Það má þó fullyrða að Íslendingar, háir sem lágir, séu á einu máli um mikilvægi framlags Magnúsar Eiríkssonar til íslenskrar tónlistar. Það er tónhöfundum eðlilega afar gleðilegt að Magnús skuli hafa verið heiðraður með þessum hætti, fyrstur manna. Í framhjáhlupi má minnast þess að hann er fyrrum formaður STEFs.



Þann 29. nóvember var **Þorsteinn Eggertsson** sæmdur heiðursmerki STEFs. Hann er einn afkastamesti höfundur okkar. Hjá STEFi eru skráð u.þ.b. 500 verk eftir hann, en fáir skilja eftir sig drýgra dagsverk. Þorsteinn er frá Keflavík og var hluti hinnar s.k. „bítlakynslóðar“, sem þaðan kom á sjöunda áratugnum. Hann þótti ágætur söngvari og lét að sér kveða sem slíkur á upphafsárum rokksins.

Fljótlega fór Steini að setja saman söngtexta og hljómsveitir og plötuútgjafendur tóku að leita til hans. Fyrsti texti hans sem út kom á plötu var fyrir Savannatríóíð, en í kjölfarið komu textar fyrir hinar ýmsu hljómsveitir, svo sem KK-Sextett, Dáta, Hljóma, Flowers, Lónlí Blú Bojs, Pú og ég, Brimkló og fleiri.

Af þekktum textum Þorsteins má nefna: Gvendur á eyrinni, Leyndarmál, Glugginn, Ég elska alla, Slappaðu af, Er hann birtist, Ástarsæla, Himinn og jörð, Söngur um lífið, Dans, dans, dans, Við saman, Heim í Búðardal — og svo mætti lengi telja. Hending úr síðastnefnda laginu á hér vel við: „Minna gagn gera má!“.



Síðsumars stóð STEF fyrir þjónustukönnun, sem við gerum að jafnaði á tveggja ára fresti. Þátttaka var með ágætum og við þökkum góð viðbrögð, því mikilvægt er að vita álit rétthafa á starfseminni.

Annars vegar er könnunin að upplagi á svipuðum nótum hverju sinni, þannig að samanburður fái st á milli kannana. Hins vegar er jafnan spurt út í sértæk atriði eða málefni sem í deiglunni eru hverju sinni.

Almennt er óhætt að segja að upplifun meðlima af STEFi sé góð, en einungis 1,89% sögðust ósátt við þjónustuna. Ímynd STEFs er ávallt gegnumgangandi stef og könnunin leiddi í ljós að um 67% svarenda telja að ímynd STEFs sé mjög góð eða góð. Til samanburðar var það hlutfall 59% árið 2022 og 53% árið 2020.

Tónleikahald var í fókus að þessu sinni. Voru þátttakendur m.a. spurðir út í landslagið á þeim markaði, einkum fjárhagslega. Það var mat þeirra sem stóðu fyrir eða komu fram á tónleikum á s.l. 12 mánuðum, að í u.þ.b. 17% tilfella hafi tónleikar komið út í tapi. Einungis 30% telja miðasölu hafa gengið vel og sögðust 31% beinlínis erfitt að selja miða á tónleika.

Gervigreind hefur verið áberandi í umræðunni undanfarið og var í könnuninni sérstök áhersla á hana. Af þeim höfundum sem höfðu skoðun telja um 38% að gervigreind muni hafa neikvæð áhrif á tekjustreymi þeirra. Nánast allir (95%) telja að tónlistarveitur ættu að auðkenna eða merkja sérstaklega verk sem samin eru af gervigreind, til aðgreiningar frá manngerðum verkum. Þá telja 89% að leita þurfi samþykkis rétthafa áður en gervigreind er mötuð eða þjálfuð með tónlist sem varin er höfundarétti.

Vaxandi höfundar verðlaunaðir



Í sumar ákvað stjórn STEFs að brydda uppá þeirri nýjung að verðlauna efnilega höfunda samhliða hinum árlegu menningarnæturtonleikum í bakgarðinum við Laufásveg 40. Var þetta gert í fyrsta skipti í ár.

Verðlaunahafar eiga það sameiginlegt að hafa uppá síðkastið sýnt „ört vaxandi árangur sem tónhöfundar“, eins og segir á tilheyrandi verðlaunaskjölum. Mælistikan á það er öðru fremur eftirtektarverð aukning í úthlutun undanfarin misseri vegna opinbers flutnings á verkum þeirra. Með viðurkenningnum vill stjórnin hvetja þessa höfunda til frekari dáða.

Í ár hlutu viðurkenningar þau **Anna Gréta Sigurðardóttir**, **Ásgeir Bragi Ægisson (Ouse)** og **Katrín Helga Ólafsdóttir**.

Hér má kynnst þeim betur.

Á menningarnæturtonleikunum í ár komu fram þau **Sigga Ózk**, **Úlfur Úlfur**, **Kristín Sesselja** og **Langi Seli & Skuggarnir**.

Vindur í seglum 2024



Á þriðja tug þátttökuumsókna bárust í verkefnið „Vindur í seglum“, sem nú er endurtekið í þriðja skiptið. Var Jafnréttisnefnd STEFs sem fyrr vandi á höndum, því margar voru áhugaverðar. En nefndin hefur afráðið að það verði þær **Helga Rún Guðmundsdóttir, Malen Áskelsdóttir og Anna Róshildur** sem taka þátt að þessu sinni.

Hér eru nánari upplýsingar um þátttakendur, sem og kynning á sjálfu verkefninu og eðli þess.

Skjölum til haga haldið



STEF var stofnað 1948 og í hirslum hefur ýmislegt safnast upp á langri leið. Í sumar var gerður skurkur í geymslum við Laufásveg, hvar leynist ýmislegt sem tengist sögu samtakanna og raunar tónlistarsögu landsins. Á dögunum gerði STEF samning við Þjóðskjalasafnið, um að fara í gegnum skjöl og varðveita það sem vert er að halda til haga. Um er að ræða gögn, bréf og fundargerðir frá upphafi, sem Þjóðskjalasafnið mun hreinsa, flokka, skanna og skrá með rafrænum hætti og birta í skjalaskrárkerfi sínu. Á myndinni undirrita fulltrúar STEFs og safnsins samning þar að lútandi.

Bókaðu fund



Nú geta meðlimir STEFs bókað fundi með starfsfólki STEFs til að fá ráðgjöf eða fræðslu um eitt og annað viðvirkjandi starfsemina, t.d. varðandi lagaskráningar, úthlutanir eða samningaráðgjöf. Sömuleiðis geta viðskiptavinir bókað persónulegan fund með starfsfólki söludeildar ef þá fýsir að fræðast, t.d. um innheimtumál, verðskrá, reglu- eða gangverk STEFs. Fundi er nú hægt að bóka [hér í gegnum heimasíðuna.](#)

Auglýst eftir umsóknum v. ÍTV

Íslensku tónlistarverðlaunin verða næst afhent þann 12. mars. Móttaka innsendinga fyrir verðlaunin stendur yfir, en frestur er til og með 15. janúar. Skorað er á þau sem stóðu fyrir útgáfu og tónlistarviðburðum á árinu að senda inn. Það er fljótgert **með því að smella hérna.**



Aðalúthlutun 2024

Aðalúthlutun ársins hefur nú að fullu farið fram, en hún tekur til opinbers flutnings innanlands, svo sem í útvarpi, sjónvarpi, sem og bakgrunnstónlistar hvers konar.

Desemberhluti aðalúthlutunar felur einnig í sér nokkra sértæka liði, svo sem frumflutningsálag og þóknun v. eintakagerðar til einkanota (IHM) o.fl. Vert er að hafa í huga, að aðalúthlutun er greidd út í tvennu lagi, annars vegar miðsumars (sk. miðsumarsúthlutun) og hins vegar í desember.

Í ár nam aðalúthlutun samtals u.þ.b. **297,5** milljónum, en þar af var miðsumarsúthlutunin 149,5 milljónir. Í fyrra nam aðalúthlutun alls um 253 milljónum, þannig að hækkunin á milli ára er 17,4%.

Innlendar úthlutanir ársins voru 12 talsins. Námu þær samtals um 614,8 milljónum. Auk þess var 236,6 milljón úthlutað til erlendra réttihafa, þannig að alls var úthlutað **851,5** milljónum í ár, sem er metúthlutun; 7% hækkun frá því í fyrra.

Að auki var 35 milljónum úthlutað úr sjóðum STEFs á árinu.


Vert er að benda á að lækkun milli ára v. flutnings erlendis stafar af því að nokkur stór systurfélög greiddu óvenju mikið til okkar í fyrra, vegna tafa sem urðu á geiðslum frá þeim árið áður.

Skilagreinar eru aðgengilegar á Mínum síðum.

Myndin á næstu síðu sýnir samandregið lit yfir úthlutanir STEFs á árinu 2024. **Smellið hér fyrir stærri mynd.**

INNLENDAR ÚTHLUTANIR

YFIRLIT & SAMANBURÐUR 2023-2024



ÚTHLUTANIR (fjöldi)	SAMTALS 2023	SAMTALS 2024	BREYTING MILLI ÁRA
Aðalúthlutun (2)	253.403.369	297.487.761	17,40%
NCB/NMP (4)	99.533.871	114.984.627	15,52%
Tónleikar (2)	34.054.169	44.271.452	30,00%
Flutningur erlendis (4)	217.642.955	158.116.317	-27,35%
Greitt til erl. rétthafa:	191.068.492	236.646.583	23,85%
Samtals	795.702.856	851.506.740	7,01%

Smellið hér fyrir stærri mynd.

Starfsfólk STEFs þakkar samskiptin á árinu 2024 og óskar meðlimum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.